

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 23. október 2015
Málsnr. 1510071

Fni: Umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar á frumvarpi til laga um landáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Í bréfi þessu er sett fram umsögn Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar sbr. erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 24. september 2015.

Meginefni frumvarpsins er að móta og samræma stefnu á sviði uppbyggingar innviða og verndar náttúru- og menningarsögulegra minja á áningarstöðum ferðamanna á Íslandi. Kveðið er á um gerð verkefnaáætlana fyrir aðgerðir til slíkrar uppbyggingar með náttúrvernd og vernd menningarsögulegra minja að leiðarljósi.

Tilgangurinn er að draga úr álagi vegna aukinnar ferðaþjónustu. Fjölsóttustu staðirnir eru okkar helstu náttúruperlur, friðlýst svæði og önnur svæði sem njóta verndar og svæði með hátt verndargildi. Menningarminjar þjóðarinnar laða að sér ferðamenn. Hér er því verið að móta stefnu um nýtingu ferðaþjónustunnar á náttúru landsins og menningarlandslagi og um skipulag þeirra aðgerða sem ráðast þarf í.

Mikilvægt er að áætlanir og framkvæmdir séu byggðar á vandaðri greiningu og rannsóknum. Hér er verið að stuðla að langtímahugsun og stefnumótun í ferðaþjónustu. Í frumvarpinu er verið að leggja til að skipa verkefnisstjórn sem hefur umsjón með gerð tillagna að stefnumarkandi áætlun til 12 ára og 3 ára verkefnaáætlun. Með innviðum er átt við þær grunnframkvæmdir sem nauðsynlegt er að ráðast í til þess að helstu áningastaðir landsins geti tekið við ferðamönnum. Getur til að mynda verið um að ræða uppbyggingu salernisaðstöðu, stíga, gestastofa, skilta og þess háttar. Áætlunin tekur hins vegar ekki til virðisaukandi þjónustu, svo sem reksturs safna, söluturna eða hótela.

Áætlunin tekur að auki til undirbúnings framkvæmda, og er þá einkum átt við kostnað við nauðsynlegt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, hönnun og aðra grunnvinnu fyrir framkvæmdir á áætluninni. Hvað varðar kostnað við gerð skipulagsáætlana fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, nr. 123/2010

Hafnarfjarðarbær fagnar því að hér sé komið frumvarp með það að meginmarkmiði að vernda viðkvæma náttúru Íslands. Frumvarpið tekur til landsins alls óháð eignarhaldi er því Hafnarfjarðarbær sjálfkrafa aðili að áætluninni. Verði frumvarpið að lögum mun það hafa jákvæð áhrif á vernd og sjálfbærni ferðaþjónustunnar. Það er töluverður ávinningur fyrir sveitarfélög að ekki sé gerð krafa um mótframlag eins og nú er gert vegna viðhalds og



HAFNARFJÖRÐUR

uppbyggingar á viðkomandi ferðamannastað. Það fyrirkomulag hefur komið í veg fyrir framtíðarsýn þar sem fjárheimildir Framkvæmdasjóðsins sveiflast á milli ára og fyrirheit um styrki hafa einungis verið til eins árs. Með þessu móti er allt landið lagt undir og hægt er að byggja áætlun sem tekur til nokkurra ára í senn.

Hafnarfjarðarbær telur nauðsynlegt að landsáætlun um uppbyggingu innviða taki tilliti til stefnumörkunar sveitarfélaga sem fram koma í svæðis- og aðalskipulagi. Í aðalskipulagi sveitarfélaga birtast stefnur m.a. í ferðamálum og telur sveitarfélagið mikilvægt að áætlun um uppbyggingu innviða eigi að byggja á þeim.

Í frumvarpinu eru notuð hugtök eins og ferðamannaleið, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði. Þessi hugtök þarf að skýra nánar.

Í grein 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreindur landnotkunarflokkurinn afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF). Að búa til ný hugtök sem ekki hafa neina tengingu við önnur lög og reglugerðir gæti verið varasamt og býður upp á óskilvirkni og misskilning.

Þessar skilgreiningar eru mjög opnar og geta í raun hvaða svæði sem er í íslenskri náttúru fallið þar undir. Hafnarfjarðarbær telur mjög mikilvægt að skilgreiningar verði afmarkaðar nánar og að það liggja strax fyrir hvaða svæði og jafnvel landnýtingarflokkar eigi að falla undir frumvarpið.

Með því móti yrði það ljóst hvort ferðamannastaðir innan þéttbýlisstaða geti notið góðs af lagasetningunni.

Til frekari áréttingar skal bent á að styrkveitingar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða hafa til þessa aðallega beinst að ferðamannastöðum í dreifbýli. Þó hafa sveitarfélög í allnokkrum tilvikum fengið styrki til framkvæmda innan þéttbýlis enda er fjölgun ferðamanna ekki eingöngu bundin við náttúru Íslands. Þá geta menningarsögulegar minjar hvort tveggja verið í þéttbýli og dreifbýli, en í frumvarpinu er einmitt lögð mikil áhersla á verndun slíkra minja.

Það er farsæl breyting fyrir sveitarfélögin að falla frá kröfu um 50% mótframlagi framkvæmdaraðila vegna úthlutunar framlaga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Þessi krafa hefur verið hindrun fyrir lítil sveitarfélög og raunar flesta sem sækja um framlög úr sjóðnum. Mikilvægt er þó að halda því til haga að ávinningur sveitarfélaga er misjafnlega mikill og getur hann einnig oltið á túlkun á hugtakinu ferðamannastaður.

Einnig er mikilvægt að í verkefnisstjórninni siti fulltrúar með fagþekkingu á sviði náttúru, og viðhalds á ferðamannastöðum og má gera ráð fyrir kosnaðarauka vegna aðkeyptrar vinnu sérfræðinga.

Hafnarfjarðarbær styður markmið frumvarpsins í megindráttum en vill undirstrika gildi samráðs þar sem sveitarfélagið á mikla hagsmuna að gæta t.d. í Krýsuvík sem og á þeim stöðum sem þegar hafa verið friðlýstir eða eru á náttúruminjaskrá.



HAFNARFJÖRÐUR